



„Er hægt að kenna viðskiptasiðfræði?“

Viðskiptasiðferði og hlutverk háskólanna

Morgunverðarfundur, 18. október 2011

Róbert H. Haraldsson, prófessor HÍ



„Er hægt að kenna viðskiptasiðfræði?“

Í reynd tvær spurningar:

- Er hægt að kenna viðskiptasiðfræði?
- Er hægt að kenna viðskiptasiðferði (í háskóla)?



Er hægt að kenna viðskiptasiðfræði?



Það veltur á fjórum þáttum

- Áhugasamir nemendur
- Hæfir kennarar
- Gott námsefni
- Eftirspurn frá atvinnu- og þjóðlífi



Viðskiptasiðfræði á háskólastigi

- Tvær megin leiðir:
 - (A) Siðfræðinám samþættað við almennt nám í endurskoðun
 - (B) Sérstök afmörkuð siðfræðinámskeið fyrir endurskoðendur
 - Almenn námskeið í viðskiptasiðfræði
 - „Case-studies“-námskeið fyrir endurskoðendur



Hvert er markmið siðfræðikennslu?

- Stephen E. Loeb
 - Áratuga reynsla í námskeiðahaldi fyrir endurskoðendur – siðfræði
 - Tilgreinir 7 helstu markmið sín í áranna rás
 - Lítur nú á 4 þeirra sem lykilmarkmið

Loeb, Stephen E. (2007). Issues Relating to Teaching Accounting Ethics: An 18 Year Retrospective. *Research and Professional Responsibility and Ethics in Accounting* 11: 4.



Sjö helstu markmiðin

- #1 Að tengja almennt nám í endurskoðun við siðferðileg álitamál
- #2 Að bera kennsl á (e. *recognize*) málefni/þætti í störfum endurskoðenda sem hafa siðferðilega vídd og siðferðilegar afleiðingar
- #3 Að þroska með sér siðferðiskennd og ábyrgðartilfinningu
- #4 Að efla þá hæfni sem er nauðsynleg til að glíma við siðferðilega árekstra og álitamál
- #5 Að læra að glíma við óvissu í starfi endurskoðandans
- #6 Að leggja grunn að breyttri siðferðilegri hegðun
- #7 Að læra að meta og skilja alla hina ólíku fleti í störfum endurskoðenda og hvernig þeir tengjast almennu siðferði



Fjögur lykilmarkmið

- #1 Að tengja almennt nám í endurskoðun við siðferðileg álitamál
- #2 Að bera kennsl á (e. *recognize*) málefni/þætti í störfum endurskoðenda sem hafa siðferðilega vídd og siðferðilegar afleiðingar**
- #3 Að þroska með sér siðferðiskennd og ábyrgðartilfinningu
- #4 Að efla þá hæfni sem er nauðsynleg til að glíma við siðferðilega árekstra og álitamál**
- #5 Að læra að glíma við óvissu í starfi endurskoðandans**
- #6 Að leggja grunn að breyttri siðferðilegri hegðun**
- #7 Að læra að meta og skilja alla hina ólíku fleti í störfum endurskoðenda og hvernig þeir tengjast almennu siðferði



Kennsluaðferðir

1. Fyrirlestrar
2. Umræða um reynslu- og dæmisögur
3. Gestafyrirlesarar úr atvinnulífinu
4. Hlutverkaleikir
5. Viðeigandi lesefni
6. Myndbönd (áhorf)
7. Myndbönd (nemar búa til)
8. Sjálfskoðun/yfirvegun um sjálfan sig
9. Kynnast ævisögum endurskoðenda sem voru siðferðishetjur
10. Leikir
11. Sögur úr bókmenntum og greining þeirra
12. Heimsóknir í fangelsi (efnahagsbrotamenn sóttir heim)



Yfirlit yfir þróun kennslu í viðskiptasiðfræði erlendis og hér heima



Viðskiptasiðferði og viðskiptasiðfræði yfirlit

- 1970 – 1985

- Skyldur stjórnanda við hlutahafa (e. *shareholder ethics*)
- Tengsl laga og siðferðis
- Efasemdir um að siðferðilegar kröfur eigi við í viðskiptum
- Hámarka hagnað, tal um félagslega/siðferðilega ábyrgð fyrirtækja er hræsni
- Viðskipti lúta annars konar siðferði en einkalíf og trúarlíf (samlíking við pókerspilara)

- 1985 – 2000

- Aukin umræða um viðskiptasiðferði, námskeiðum fjölgar í viðskiptaskólum og háskólum, tímaritum á sviðinu fjölgar
- Skyldur stjórnenda við hagsmunaaðila (e. *stakeholders*)
- Archie B. Carroll: Pýramídakenning

- 2000 –

- CSP (Corporate social responsibility) og Corporate Governance
- Samþætting siðferðis í öllu starfi
- TBL (people, planet , profits)



Siðfræðikennsla í íslenskum háskólum (fyrir hrun og til ársins 2009)



Íslenskir háskólar: Háskólinn í Reykjavík

- Námskeið í viðskiptasiðfræði (6 ECTS), síðan 2002
 - BS nemar í viðskiptafræði með vinnu (skylda)
 - BS nemar í viðskiptafræði (val)
 - Vinsælt valnámskeið hjá nemum úr öðrum deildum líka
- Ekki sérstakt námskeið um siðfræði í störfum endurskoðenda (e. *accounting ethics*)
- Samþætting: Tiltekinn fjöldi námskeiða skilgreindur þar sem boðið er/verður upp á 1-6 tíma um siðferðileg álitamál í viðkomandi fagi
 - Námskeið um verðbréfaviðskipti (siðferðileg álitamál um innherjaviðskipti)
 - Frumkvæði komi m.a. frá kennurum í viðkomandi námskeiði
 - Endurskoðun 1 og Endskoðun 2 (tímar um siðferðileg álitamál)



Bifröst

- Boðið upp á valnámskeið í viðskiptasiðfræði 1999-2005
 - Valnámskeið á 3 ári í viðskipta- og lögfræði og flestir nemar tóku námskeiðið
 - Staðnám/fjarnám/einnig á ensku
 - Ekki lengur í boði
- Námskeið í fjarnámi í Viðskiptasiðfræði (stundakennari, 12 tímar) á næsta vormisseri (2010)
- Corporate Governance BS (6 ECTS)
- Sustainable Business (6ECTS) í BS í viðskiptafræði
 - Nýr kúrs
 - CSR og Corporate Governance
 - Business ethics?



Háskólinn á Akureyri

- Hafa ekki boðið upp á námskeið í viðskiptasiðfræði
- Siðfræði og umræða um siðferðileg álitamál rædd í einhverjum námskeiðum
 - *FÁR3105 Forysta og árangur*, námskeið á Meistarastigi í Viðskipta- og raunvísindadeild
 - Kafli um „Ethical leadership“



Íslenskir háskólar: Háskóli Íslands

- Námskeið í viðskiptasiðfræði (10 ECTS) síðan 2005
 - Kennt á hugvísindasviði (heimspeki); hagfræði og viðskiptafræðinemar geta tekið námskeiðið sem val
 - MA-námslína í hagnýttri siðfræði: Tveir nemendur hafa útskrifast með MA í viðskiptasiðfræði
- Ekki sérstakt námskeið um siðfræði í störfum endurskoðenda (e. *accounting ethics*)
- Um nokkurra ára bil voru fáein sérefni úr viðskiptasiðfræði kennd í *Aðferðafræði* en sá þáttur var lagður niður árið 2005.
 - Aðferðafræði var skyldunámskeið í Viðskipta- og hagfræðideild á öðru misseri fyrsta árs
- Samþætting: Siðfræðileg álitamál eru ekki beinlínis rædd undir því heiti en námið kemur óhjákvæmilega inn á siðferðilega þætti undir öðrum nöfnum




Háskóli Íslands: Eftir hrun

- Siðfræði bætt við nám endurskoðenda:
 - Endurskoðun 1
 - Endurskoðun 4
- Valnámskeið í viðskiptasiðfræði hefur orðið vinsælla
 - Fyrir hrun 8-12 nemar
 - Nú 50-60 þar af 45 til 50 MA-nemar úr Viðskiptafræði
- Ýmsar námsgreinar í HÍ hafa tekið að samþætta siðfræðinám við annað faglegt nám
- *Úr Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016:*
 - Öll fræðasvið og deildir setji sér markmið og skilgreini leiðir til að flétta saman siðfræði og faglegt nám, efla siðferðilega dómgreind og þjálfaga gagnrýna hugsun.
 - Lögð er rík áhersla á að efla siðferðilega dómgreind, vitund um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð starfsmanna jafnt sem nemenda og þar með samfélagsins alls til lengri tíma.



Er hægt að kenna viðskiptasiðferði í háskólum?



C. Barsotti

"Get serious, John, we're talking business ethics not ethics."



Tvíræð spurning

- Er eitthvert gagn að námskeiðum í viðskiptasiðfræði?
 - Hér kemur ýmislegt til álita
 - Þekking á lykilhugtökum getur haft hagnýtt gildi (dæmi af Landsímamálinu 2003)
 - Siðferðileg álitamál um lyfjapróf á vinnustað
 - Siðferðileg álitamál um verkföll
 - Siðferðileg forysta/skipulag vinnustaðar
- Bæta námskeið í viðskiptasiðfræði viðskiptasiðferðið?
 - Verða nemendur betri manneskjur eftir að taka slík námskeið?



Er gagn að námskeiðum í viðskiptasiðfræði?

- Rannsóknir benda til að svo sé*
 - Rannsóknir benda til að hægt sé að efla siðvit með námi í siðfræði og að eftir siðvit geri menn betur í stakk búna til að koma auga á og bregðast rétt við siðferðilegum álitamálum
- Megum ekki gera ósanngjarnar kröfur til siðfræðinámskeiða
 - Rök sem notuð eru til að sýna að námskeið um siðfræði endurskoðenda (accounting ethics) gagnist ekki má oft nota gegn öllum grunnnámskeiðum í endurskoðun
 - » Sbr. hann fór í siðfræðinámskeið en breytti samt rangt

*Sjá t.d. Bernardi (2007): Accounting Ethics Courses: Do they work? *The CPA Journal*: 64-67; sjá einnig yfirlit í Jackling et al 2007.



Er gagn að slíkum námskeiðum? (frh.)

- Slíkt nám getur verið mjög gagnlegt ef rétt er staðið að málum
 - Gott lesefni
 - Sjá t.d. *Ethics in the Post-Enron Age* (Stuart, 2004)
 - 150 ítarleg dæmi, flest raunveruleg
 - Gagnlegar spurningar
 - Hæfir kennarar
 - Sérfræðingur í reikningsskilum með þjálfun í hagnýttri siðfræði og e-a þekkingu á heimspekilegri siðfræði.
 - Ungir Íslendingar í námi nú sem uppfylla þessi skilyrði



Bæta námskeið í viðskiptasiðfræði
viðskiptasiðferðið?



Siðferðileg álitamál

- Hver eru helstu siðferðilegu álitaefnin og orsakir siðabrota hjá endurskoðendum?
- Leiðir til að svara þessari spurningu:
 - Spyrja endurskoðendur
 - Skoða siðareglur og siðabálka þeirra
 - Kennslubækur í endurskoðun
 - Siðferðisbrot endurskoðenda í starfi



Siðareglur IFAC*

- Hættur sem stafa af:
 - Eiginhagsmunum (e. *self-interest threats*)
 - „Sjálf-skoðun“ (e. *self-review threats*)
 - Harðdrægni (e. *advocacy threats*)
 - Kunnugleika (e. *familiarity threats*)
 - Hótunum (e. *intimidation threats*)

*Code of Ethics for Professional Accountants
International Federation of Accountants



Endurskoðendur spurðir um helstu siðferðilegu málefnin

- Hagsmunaágreiningur, eiginhagsmunir
- „Sjálfs-skoðun“
- Harðdrægni fyrir hönd skjólstæðinga/stjórnenda
- Nálægð/kunnugleiki/tengsl (skortur á hlutdrægni)
- Hótanir (sérstaklega um atvinnumissi)
- Hagræðing tekna (e. *earnings management issues*)
- Hæfnisþættir (skortur á faglegri hæfni)
- Blekkingar og svik (e. *fraudulant activities*)
- Uppljóstrun (e. *Whistle blowing issues*)*

*Jackling, Beverly et. al (2007), *Professional accounting bodies' perceptions of ethical issues, causes of ethical failure and ethics education*. Managerial Auditing Journal 22/9: 928-944.



Endurskoðendur spurðir um ástæður siðferðisbresta (e. *causes of ethical failure*) *

1. Eiginhagsmunir (e. *self-interest*)
 2. Skortur á hlutlægni og sjálfstæði
 3. Skortur á faglegri dómgreind
 4. Skortur á siðferðilegu næmi (e. *ethical sensitivity*)
 5. Skortur á siðferðilegri forystu og léleg fyrirtækjamenning
 6. Látið undan ógn/þrýstingi frá skjólstæðingum
 7. Skortur á faglegri færni
 8. Skortur á stuðningi frá stofnun og samstarfsfólki
 9. Skortur á stuðningi frá fagfélagi
- Raðað í röð eftir því hve líkleg orsökina er talin (1 líklegasta orsökina o.s.frv.)
 - Allir þættir nefndir sem líklegar orsakir ósiðlegrar breytni nema 9
 - 160 aðildafélög IFAC í 120 löndum (svör frá 66)
 - Mikil samhljómur milli landa
 - Hvernig fagfólk skynjar/metur orsakir siðabrota



Endurskoðendur spurðir um ástæður siðferðisbresta (e. *causes of ethical failure*)

1. Eiginhagsmunir (e. *self-interest*)
2. Skortur á hlutlægni og sjálfstæði
3. Skortur á faglegri dómgreind
- 4. Skortur á siðferðilegu næmi** (e. *ethical sensitivity*)
5. Skortur á siðferðilegri forystu og léleg fyrirtækjamenning
6. Látið undan ógn/þrýstingi frá skjólstæðingum
7. Skortur á faglegri færni
8. Skortur á stuðningi frá stofnun og samstarfsfólki
9. Skortur á stuðningi frá fagfélagi

*Jackling, Beverly et. al (2007), *Professional accounting bodies' perceptions of ethical issues, causes of ethical failure and ethics education*. Managerial Auditing Journal 22/9: 928-944.



Getur nám í viðskiptasiðfræði dregið úr eigingirni?
Er hægt að kenna háskólanemum að taka tillit til
hagsmuna annarra?

— Tvíþætt:

- (i) Gera sér grein fyrir því hvernig athafnir manns hafa áhrif á aðra
 - Skrifa upp á ársreikning. Ársreikningur gefur glögga mynd (true and fair)
 - Nytjagreining (utilitarian)
- (ii) Skaða ekki hagsmuni annarra, taka tillit til annarra, breyta vel



Siðferði sem óeigingirni

- Óeigingirni
- Sá sem breytir siðlega temur sér að hugsa um hag annarra/almannahag
 - Í mörgum málaflokkum ber okkur að breyta þannig
 - Ekki þó í öllum málaflokkum
 - Ekki gerð krafa um að menn séu dýrlingar (e. *saints*)
- Hjá endurskoðendum: Sú viðurkenning að endurskoðandi hafi ríkar skyldur við aðra en viðskiptavinina sína
 - Notendur reikningsskila sem treysta því að þau gefi rétta **og sanngjarna** (e. *true and fair*) mynd
 - Samfélagið í heild sinni



Siðferði

- Eigingirni birtist ekki bara sem græðgi heldur líka sem skortur á að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna á aðra
 - Hvaða afleiðingar mun þessi tiltekna athöfn mín hafa á hagsmunaaðila og (jafnvel) samfélagið allt?
- Þessa staðreynd ber að hafa í huga þegar spurt er hvort nám í siðfræði skili árangri
 - Erfitt að kenna fullorðnu fólki óeigingirni en það má t.d. kenna því að sjá og skilja afleiðingar athafna sinna
 - Umtalsverður hluti af kennslu í sérhæfðri viðskiptasiðfræði er fólgin í því að rekja afleiðingar valkosta á hagsmunaaðila



Siðferði sem óeigingirni, fórnfýsi

- Er þetta ekki of þröngur skilningur?
 - Kristið siðferði/Kantískt siðferði
 - Ekki eina siðferðið
- Vandí Miltons Friedman
- Dæmi af björgunarsveitarmönnum
- Að hafa hag af því að breyta rétt
- Corporate Social Responsibility